

## Reglugerð fyrir haustmót BLÍ.

1. gr.

Mótið heitir Haustmót BLÍ og skal haldið í September ár hvert.

2. gr.

Rétt til þátttöku eiga öll félög og héraðssambönd innan ÍSÍ svo og önnur lið sem framkvæmdaraðili samþykkir.

3. gr.

Framkvæmdaraðili mótsins er félag eða héraðssamband innan ÍSÍ. Sækja skal um rétt til að halda mótið til BLÍ fyrir 1. September ár hvert. Ekki er nauðsynlegt að sami aðili sjái um framkvæmd mótsins 6æði í karla- og kvennaflokki. Heimilt er að ráðstafa mótinu ár fram í tímann.

4. gr.

Framkvæmdaraðili ákveður tilhögun keppinnar, þátttökugjöld og verðlaun. Tilhögun skal liggja fyrir um leið og þátttökugjalda er óskað svo og verðlaun fyrir mótið.

5. gr.

Ef engar umsóknir berast BLÍ um að halda mótið má BLÍ gangast fyrir mótinu ella falli það þá niður það ár.

6. gr.

BLÍ er heimilt að taka gjald fyrir mótsréttinn í því formi sem samkomulag næst um.

## Reglugerð um vormót BLÍ

Reglugerð fyrir Vormót Blaksambands Íslands

1. gr.

Mótið heitir Vormót BLÍ og skal haldið eftir 15. apríl ár hvert.

2. gr.

Rétt til þátttöku eiga öll félög og héraðssambönd innan ÍSÍ svo og önnur lið sem framkvæmdaraðili samþykkir.

3. gr.

Framkvæmdaraðili mótsins er félag eða héraðssamband innan ÍSÍ. Sækja skal um rétt til að halda mótið fyrir 1. mars ár hvert. Ekki er nauðsynlegt að sami aðili sjái um framkvæmd mótsins í karla- og kvennaflokki. Heimilt er að ráðstafa mótinu ár fram í tímann.

4. gr.

Framkvæmdaraðili ákveður tilhögun keppinnar, þátttökugjöld og verðlaun. Tilhögun skal liggja fyrir um leið og þátttökugjalda er óskað svo og verðlaun fyrir mótið.

5. gr.

Ef engar umsóknir berast BLÍ um að halda mótið má BLÍ gangast fyrir mótinu ella falli það þá niður það ár.

6. gr.

BLÍ er heimilt að taka gjald fyrir mótsréttinn í því formi sem samkomulag næst um.